

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá og með 12. október 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Eldeyjarbanka, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 10'00 N — 23° 30'00 V
2. 64° 10'00 N — 23° 40'00 V
3. 64° 00'00 N — 23° 40'00 V
4. 64° 00'00 N — 23° 30'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.